

Frá ritstjóra

Nú lítur Tímarit félagsráðgjafa í annað skipti dagsins ljós, en það tók við af Félagsráðgjafarblaðinu sem komið hafði út um nokkurt skeið. Eins og kannski má sjá á myndinni framan á ritinu, var gert ráð fyrir því að það kæmi út á vormánuðum, en því miður seinkaði útgáfu þess fram á haust.

Í ritinu að þessu sinni er að finna fimm greinar og er efni greinanna mjög fjölbreytt og áhugavert. Grein um úrræðið Grettistak eftir Erlu Björg félagsráðgjafa er að finna í ritinu, en úrræðið er endurhæfingarúrræði fyrir fólk með vímuefnavanda og langvarandi félagslegan vanda. Hólmfríður E. Guðmundsdóttir kennari og Davis-ráðgjafi er með pistil um lesblindu og sértækt meðferðarúrræði til að takast á við hana. Hildigunnur Magnúsdóttir og Katrín Erlingsdóttir félagsráðgjafar eru með grein um íslenska kynferðisbrotamenn út frá sjónarhóli þolenda sem leitað hafa til Stígamóta. Þá er að finna grein í ritinu eftir Halldór Guðmundsson

félagsráðgjafa hjá Reyni-ráðgjafarstofu um líðan og hegðun barna innan barnaverndar á Íslandi. Loks er að finna grein í ritinu eftir Gunnjónu Unu um þörf krabbameinssjúkra fyrir félagslegan stuðning og endurhæfingu.

Eins og áður eru bæði ritýndar og óritýndar greinar í ritinu. Ritstjórnin vill þakka ritrynum fyrir framlag sitt. Einnig Maríu Önnu Þorsteinsdóttur fyrir prófarkalestur og Kristínu Jónu Þorsteinsdóttur fyrir umbrot á ritinu.

Að lokum hvetur ritstjórn meðlimi félagsins að senda inn greinar í ritið. Færri greinar bárust að þessu sinni heldur en í fyrsta ritið og því er full ástæða til að leggja áherslu á að ritið endurspeglar ritvirkni okkar félagsráðgjafa fyrst og fremst, þó einstaka aðrir fagaðilar skrifi í ritið. Leiðbeiningar um framsetningu efnisins er að finna á vefsíðu félagsins, felagsradgjof.is.

Fyrir hönd ritnefndar, Freydís Jóna Freysteinsdóttir (MSW,PhD) ritstjóri.